

Aðgerðir á fótum

Algengasta ástæða þessara aðgerða er vegna skekkju á stórutáar lið eða smærri táliðum.

Oftast eru þessar aðgerðir gerðar í deyfingu (en hægt að gera í svæfingu) og þá finnur maður fyrir snertingu en ekki sársauka. Sumum finnst gott að hafa heyrnartól og hlusta á tónlist á meðan. Aðgerð tekur um ½ tíma til klukkutíma. Ekki er þörf á að vera fastandi ef deyft er en ef það er svæft þá má hvorki borða né drekka 6 tímum fyrir aðgerð.

Það þarf að skipta um á sárum t.d. á heilsugæslu eftir um 5-7 daga. Það má fara í sturtu á sárið eftir 7 daga, setja plástur yfir sem loftar um. Endurkoma er eftir um 2 vikur til að láta taka sauma. Best að nota sérstakan skó með stífum sóla sem fæst í afgreiðslu til að ganga í um það bil 4-6 vikur. Má fara í venjulega skó eftir 4 vikur þá með stífari sóla. Ekki hreyfa of mikið í stóru táar lið fyrstu 12-14 dagana. Ef pinni er notaður til að festa lið þá stendur hann fram úr tá og þarf vanalega að vera til staðar í 4-6 vikur.

Oftast eru almenn verkjalyf og eða bólgueyðandi notuð í nokkra daga eftir aðgerð. Ekki er æskilegt að taka þau ef óþægindi frá maga gera vart við sig.

Ekki taka nein blóðþynnandi lyf, *asperín* og *magnýl* eða skyld lyf né heldur náttúrulyf 1 viku fyrir aðgerðina. Bólgueyðandi lyf, *Voltaren*, *Íbúfen* og skyld lyf má taka. Ef þú tekur blóðþrýstingslyf þá á að taka þau um morguninn fyrir aðgerð með litlum sopa af vatni.

Ef eitthvað ber að höndum s.s. auknir verkir, blæðing eða hiti, þá getur þú haft samband við ritara í síma 52001400 eða ef mjög brátt þá undirritaðan í síma 7788543. Ef ekki næst í undirritaðan lækni þarf að leita til læknavaktar.

Óskum þér góðs bata.

Örnólfur Valdimarsson dr.med.
Bæklunarskurðlæknir
Læknastöðin Orkuhúsinu